

Fundargerð

Stjórnarfundur 9. mars 2010 kl. 10.00 í Þjóðminjarsafninu. Allir aðal- og varamenn voru boðaðir. Helga Vollertsen, Guðný Dóra, AlmaDís, Jón Allansson og Elfa Hlín mættu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Elfa Hlín las upp fundargerðina, engar athugasemdir gerðar við hana og hún samþykkt.

2. Vefurinn

Helga skýrði frá því að vinna við yfirfærsluna er í gangi og áfram er miðað við að henni ljúki við bæði vefinn og póstlistann fyrir páska enda er mikilvægt að þessi mál komist í lag. Ákveðið að senda út fréttir af starfi stjórnar á póstlistann eftir hvern stjórnarfund.

3. Farskólinn 2010

Jón Allansson, fulltrúi stjórnar FÍSOS skýrði frá gangi mála. Þau hafa hist tvisvar sinnur. Farskólinn verður staðsettur í Stykkishólmi um mánaðamótin september – október. Yfirskrift farskólans verður „Erlend áhrif til góðs“. Skýrsla síðasta farskóla er tilbúin og aðgengileg sem stendur á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga.

4. Íslandsdeild Norræna safnmannasambandsins – ráðstefna í Færeyjum

Helga Vollertsen fer fyrir Íslands hönd á kostnað sambandsins og heldur fyrirlestur sem fjallar um þróunina í íslensku safnaumhverfi frá setningu nýrra safnalaga 2001 og útgáfu skýrslu Tómasar Inga um menningartengda ferðaþjónustu.

Jón Allansson tekur við prókúru reiknings í Landsbankanum.

5. Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2009-2014

Unnið er að gerð stefnunnar og stjórnin fylgist áfram með.

6. Safnabók 2010 - erindi

Lagt fram erindi frá Gudrun publishing vegna verkefnis um Safnabók sem fyrirhugað er að gefa út á þessu ári þar sem óskað eftir faglegum ráðum frá FÍSOS. Stjórnin lýsir ánægju sinni með þetta framtak að því gefnu að öll söfn landsins verði kynnt þarna þeim að kostnaðarlausu og faglega verði áfram unnið að þessu og er tilbúin til að veita faglega ráðgjöf.

Umræður um hvort ekki væri rétt að kynna íslensku safnaverðlaunin í bókinni og er Guðnýju Dóru falið að skoða það mál.

7. Hin íslensku safnaverðlaun.

Fljótlega verður auglýst eftir tilnefningum til verðlaunanna og AlmaDís greindi frá starfi valnefndar og því sem framundan er.

8. Endurmenntunarnámskeið FÍSOS og samningur við EHI

Guðný Dóra lagði fram undirritaðan samning til tveggja ára milli FÍSOS og EHÍ um framkvæmd, efnistöð og þróun sameiginlegra námskeiða auk þess sem viss námskeið EHÍ bjóðast FÍSOS félögum með 15% afslætti. Stjórn FÍSOS fagnar samningnum og efnistöðum hans.

Ákveðið er að árlegt námskeið EHÍ og FÍSOS verði 26. og 27. apríl 2010. Annar dagurinn verður helgaður markaðsmálum og hinn sýningarstjórnun.

Helga Maureen Gylfadóttir vinnur að undirbúningi námskeiðs ársins ásamt Guðnýju Dóru.

9. Önnur mál

a. Kynning á safnastarfi innan sveitarstjórnarmála.

Umræður um málið og því frestað til næsta fundar.

b. Útgáfumál og sögunefnd.

Umræður, frestað til næsta fundar.

c. Drög að nýjum safnalögum

Ákveðið að senda inn erindi til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem grennslast verður fyrir um stöðuna á frumvarpi til nýrra safnalaga.

Fundi slitið kl. 11.30.